



FÝSN



Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann  
Fýsn

Borgarleikhúsið  
2008/2009

## PERSÓNUR OG LEIKENDUR:

Sævar .....	<b>Björn Ingi Hilmarsson</b>
Fanney .....	<b>Sara Dögg Ásgeirsdóttir</b>
Barþjónn/læknir.....	<b>Theodór Júlíusson</b>
Drengur .....	<b>Viðir Guðmundsson</b>
Barn .....	<b>Sigurður Þórhallsson</b>
Leikstjóri .....	<b>Marta Nordal</b>
Leikmynd og búningar .....	<b>Rebekka A. Ingimundardóttir</b>
Lýsing.....	<b>Þórður Orri Pétursson</b>
Hljóðmynd.....	<b>Elisabet Indra Ragnarsdóttir</b>
Videó.....	<b>Frank Hall</b>
Aðstoð við videó uppsetningu og vinnslu .....	<b>Jorri</b>

Sýningarstjórn .....	<b>Christopher Astridge</b>
Hljóð .....	<b>Guðmundur Viðarsson</b>
Búningagerð .....	<b>Stefanía Adolfsdóttir, Maggý Dögg Emilsdóttir og Elma Bjarney Guðmundsdóttir</b>
Hárgreiðsla og förðun ....	<b>Sigríður Rósa Bjarnadóttir, Elin Sigríður Gísladóttir, Sigurborg Íris Hólmgeirsdóttir</b>
Leikmyndagerð .....	<b>Smíðaverkstæði Borgarleikhússins, Gunnlaugur Einarsson</b>
Leikmunir .....	<b>Þorleikur Karlsson og Aðalheiður Jóhannesdóttir</b>
Ljós- og hljóðstjórn .....	<b>Crishtopher Astridge</b>
Leiksvið .....	<b>Kristinn Karlsson, Friðþjófur Sigurðsson, Einar Rúnarsson,</b> ..... <b>Hákon Jónsson og Steingrímur Guðjónssoni</b>

### Tónlistin:

Franz Pommassi, Panonic, Miles Davis, Alva Noto, Ryuichi Sakamoto, Sawako, Antonio Carlos Jobim, Christian Fennesz, Joseph Meyer, Richard A Whiting og Dizzy Gillespie

### Leikskrá:

Ritstjórn: Frank Hall og Hafliði Arngrímsson  
 Útgefandi: Leikfélag Reykjavíkur  
 Leikhússtjóri: Magnús Geir Þórðarson  
 Ljósmyndun: Grímur Bjarnason  
 Útlit: Fítón  
 Umbrot: Jorri  
 Prentun: Prentheimar

### Þakkir

Liborius  
 Systur undirfataverslun  
 Exó húsgagnaverslun

Fýsn er 523. viðfangsefni Leikfélags Reykjavíkur  
 Frumsýning 12. september 2008 á Nýja sviði Borgarleikhússins  
 Sýningartími er u.þ.b ein og hálf klukkustund  
 Ekkert hlé er á sýningunni  
 Ljósmyndir eru teknar á æfingum og eru því ekki endanleg heimild um sýninguna.

**FÝSN** er síðasta leikritið í þrileik um þráhyggju eftir Þórdísi Elvu, en fyrri verkin eru Brotið (Hafnarfjarðarleikhúsið, 2005) og Hungur (Borgarleikhúsið og Fimbulvetur, 2006). Fýsn bar sigur úr býtum af þeim rúmlega þrjátíu verkum sem bárust í leikritunarsamkeppnina Sakamál á svið sem Borgarleikhúsið stóð fyrir árið 2006. Höfundinum var boðið til West-Yorkshire leikhússins í Leeds í Bretlandi vorið 2007 þar sem verkið var þróað af leikhópi í vikulöngum vinnubúðum undir stjórn leikstjóra. Auk þess naut höfundurinn aðstoðar Christopher Mead, eins fremsta leiklistarfrömuðar Ástralíu og fyrrum leikhússtjóra við Sydney Theatre, við þróun verksins.

## Frá höfundi

Daglega skellur flóðbylgja á nútímamanninn í formi fréttar af sakamálum. Við lesum um glæpi yfir uppáhellingnum á morgnana og sitjum til borðs með afbrotum undir kvöldfréttunum. Innbrot í skartgripaverslun. Hnífsstunga í Breiðholti. Konu nauðgað á skemmtistað. Glæpagengi lætur greipar sópa um Bónus. Líkamsrásar í miðbænum. Það er auðvelt að halda fjarlægð við innihald fréttanna. Taka annan sopa af kaffinu og fletta upp á myndasögunum. Enda svífur formfestan yfir vötnum: Hinn grunaði. Gæsluvarðhald. Meintur brotapolí. Dómsúrskurður. Frestað skal fullnustu refsingar um 9 mánuði skilorðsbundið í þrjú ár.

## Þetta hljómar ekki eins og um alvörufolk sé að ræða. Alvörulíf.

Við fáum sjaldan að heyra hina hliðina. Hvernig syni konunnar sem stakk sambýlismann sinn í Breiðholtiinu líður, eða hvernig eiginkona mannsins sem gerðist sekur um nauðgun á skemmtistað tekst á við atburðinn. Þeim mun svívirðilegri sem glæpirnir eru, þeim mun meiri þögn sveipar þá og fólkið sem stendur hlutaðeigendum næst. Réttarhöld eru í ýmsum myndum. Erfiðustu réttarhöldin fara fram í lokuðu þinghaldi heima í stofu. Óvægnustu yfirheyrslurnar eiga sér stað inni á heimilinu og sárustu játningarnar eru gerðar frammi fyrir ástvinum. Stundum er gripið til óvenjulegra refsinga. Dómurinn tekur breytingum: Skilorð einn daginn en lífstíðarfangelsi þann næsta. Fyrirgefa má ýmislegt í nafni ástarinnar, en ástin getur einnig verið harðasti dómurinn.

Hjónin Sævar og Fanney takast á við atburð sem slítur tilvist þeirra í sundur. Til að endurspegla þessi rof gerist verkið ekki í rétttri tímaröð, heldur í sundurslitinni frásögn. Fýsn er ekki hefðbundið, hvorki í uppbyggingu, né sem sakamála-leikrit. Það er enginn leynilögreglumaður, það er ekkert lögreglulímband á vettvangi glæpsins, engin leit að fingraförum með stækkunargleri. En þrátt fyrir að vera óhefðbundið er Fýsn sannarlega sakamála-leikrit. Afbrotin eru margvísleg og framín af ólíkum ástæðum, allt frá dópskuld til hreinnar fýsnar.

Takk fyrir að leggja leið þína í leikhúsið, áhorfandi góður.  
Án þín væri það ekki til.

**Þórdís Elva**





# Christopher Mead

Fyrrum leikhússtjóri í Sydney leikhúsinu í Ástralíu, var höfundur Fýsnar innan handar í dramatúrgíu og því má segja að hann sé guðfaðir verksins. Höfundur verksins, Þórdís Elva, spurði hann út í þetta samstarf og leiklistina almennt

## Núverandi staða?

Ég er listrænn stjórnandi PlayWriting Australia – landssambands leikskálda og nýrrar leikritunar. Þetta er nýtt og skemmtilegt – við fáum að kynna einmana og reið, ehm ég meina ástríðufull og íhugul leikskáld fyrir leikhúsum og góðum leikstjórum, og vinnum að því að sjá skrifaðan texta verða að lifandi leikverki.

Hvernig var að leiðbeina leikskáldi hinum megin á hnettinum, með tíu klukkustunda tímamismun og aðstoð vefmyndavélar?

Dramatúrgía er handónýtt á tölvupósti, en samtöl í vefmyndavél (t.d. á Skype) eru frábær. Dramatúrgía snýst einfaldlega um að hlusta, spyrja réttu spurninganna og bjóða fram mismunandi leiðir til að komast á áfangastað. Skype jafnast ekki á við samtöl sem eiga sér stað síðla kvölds á illa upplýstum bar eða í forsal leikhúss, en það nægir. Það gefur okkur færi á að tala saman, og það er það sem skiptir máli. Að því sögðu, þá var alltaf svolítið skrytið að það skyldi eiga sér stað í lok dags hjá öðru okkar, en í upphafi dags hjá hinu, að það skyldi vera kalt/heitt í veðri o.þ.h., en þegar maður er staddur í heimi leikrísins, er þá til eitthvað utan hans?

## Gætirðu hugsað þér að endurtaka það?

Auðvitað. En mest langar mig til að koma til Reykjavíkur í eigin persónu...

Fyrst internetið ber á góma, hvaða áhrif (ef einhver) telurðu að það sé að hafa á nútíma leikhús?

Rétt eins og með alla tækninýjungar, þá koma leikhúslistamenn til með að misþyrma og teygja internetið á alla kanta. Það býður upp á allskonar spennandi (og stundum gagnslausa) möguleika – margfaldan veruleika, margfaldar tímaviddir, nýjar samskiptaleiðir – þannig að ég tel að það verði ofnotað um sinn, möguleikar þess tæmdir og svo muni það eignast stöðugan sess þegar næsta tækninýjung kemur til sögunnar. Jafnast nokkuð á við það að sjá alvöru leikara segja þér sögu, í eigin persónu, í návígi við þig?

Hvað er í uppáhaldi hjá þér úr leikhúsinu/  
ferli þínum sem leikhúslistamaður?

Úr leikhúsinu: Fyrsta skiptið sem ég sá Cloud Nine eftir Caryl Churchill þegar ég var háskólanemi. Úr ferli mínum sem leikhúslistamaður: Að fá borgað fyrir að gera það sem ég geri. Meiriháttar

Hver telurðu að sé helsti munurinn á  
menningu Ástralíu og Íslands?

Ástralía er margbrotin og svolítið dreifð, menningarlega. Íslensk menning kemur mér fyrir sjónir sem afmarkaðri og einbeittari. Í báðum tilfellum búum við í stórbrotnu umhverfi, við erum eyjur úti í hafsauga, og íbúar beggja landa kusu að hreiðra um sig meðfram sjónum. Við Ástralir eigum í ástar/haturs sambandi við okkur sjálf og rífumst allajafna um hver við erum – ég geri ekki ráð fyrir að það sama gildi um ykkur, en kannski á þetta rífrildi sér stað allsstaðar?

Hvað er leikhús að þínu mati, í sem  
fæstum orðum?

Umbreyting.

Hvað eru helstu styrkleikar/  
hindranir nýrrar leikritunar?

Leikræn frásögn er alltaf auðveld og alltaf nær ógerleg. Starf okkar felst í að sætta þessa tvo póla. Áhorfendur mæta til að horfa og hlusta, en þeir borga sig inn, svo við verðum að vinna fjári gott starf til að þeir haldi áfram að horfa og hlusta. Nýsköpun er mikilvæg, en góður söguþráður er það líka. Myndmál á sviði er mikilvægt, en gæði leiktextans er það líka. Við höfum svo margt til umráða – leiklistarsagan og allar brellurnar sem hún hefur kennt okkur til að halda áhorfendum við efnið – en það er oft gremjulegt að fylgjast með ungum skáldum finna upp hjólið, vannýta tækifæri og gera lítið úr áhorfandanum. Að því sögðu, þá er erfitt að vita hvert smekkur almennings stefnir hverju sinni, og ennþá erfiðara að fullnægja honum.

Hverjar eru þínar helstu fýsnir?

Kaffi. Vodka. Tónlist. Hörund.

Eitthvað sem þú vilt segja að lokum við  
áhorfendur og aðstandendur Fýsnar í  
Borgarleikhúsinu?

Heiner Müller sagði: Til að eitthvað geti fæðst verður annað að víkja: von birtist fyrst í formi ótta; skelfing er upphaf nýrrar byrjunar.





# Fyrsta skrefið

Fýsn er fyrsta leikstjórnarverkefni Mörtu Nordal. Hafliði Arngrímsson átti samtál við Mörtu.

Leikstjórn er afar sérstakt starf, þessi sífellda, ofurskarpa og nákvæma skoðun. Þetta endalause áhorf vikum saman, sem segja má að sé ákveðin list. Hefurðu komið sjálfri þér á óvart í þessu ferli?

Það sem kom mér mest á óvart við starf leikstjórans er hvað það er gaman. Mér fannst gaman að mæta í vinnuna á hverjum degi. Ef komu upp einhver vandamál þá komu alltaf fram hugmyndir að lausnum. Leikstjórinn hefur aðgang að svo miklum sköpunarkrafti og það er á hans valdi að virkja hann. Ég er leikkona og það hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir mig að setjast í leikstjórastólinn og horfa á starf leikarans frá því sjónarhorni. Það er áhugaverð reynsla. Leikaravinnan er stórmerkilegt fyrirbæri. Hvernig leikarinn hefur aðgang að tilfinningum sínum og hvernig hann er sífellt að stíga tilbaka og skoða og greina það sem hann er að gera. Mér fannst þetta mjög gefandi. Þessi sífellda endurtekning leikarans, í henni felst alltaf leit, - leit að hinu rétta augnabliki. Afstaða hefur líka verið mér hugleikin. Hvaða afstöðu fólk kemur með í ferlið. Er hún jákvæð eða neikvæð. Ég er sannfærð um að jákvæð afstaða skiptir sköpum fyrir útkomuna. Annars er þetta hindrunarhlaup, ekki flæði.

Nú felst það beinlínis í starfsheitinu, leikstjóri, að hann er í nokkurs konar stjórnunarstöðu og hefur þar með eftirsótt völd sem eru innifalin í starfsheiti og starfssviði, auk þess er það viðtekin venja eða skoðun innan leikhússins að leikstjórinn hafi mikil völd í það minnsta í verkefninu sem hann ásamt öðrum eru að vinna að. Hvernig telur þú að þér hafi tekist að umgangast völdin og stjórnunina sem felast í starfi leikstjórans?

Ég get vel ímyndað mér að leikstjórn fullnægi einhvers konar stjórnunaráráttu en það í sjálfu sér er svo óinteressant. Við megum ekki gleyma því að hvað þú ert að gera. Skiptir verkefnið, - starf þitt einhverju máli fyrir þig eða aðra? Mér finnst leikstjórn vera tækifæri til að átta mig á fyrir hvað ég stend í leikhúsi. Hver er mín rödd? Hef ég eitthvað að segja? Hvað elska ég í leikhúsi. Hvernig vil ég vinna í leikhúsi. Hvernig vil ég að sköpunarkrafturinn sé virkjaður? Sem leikari getur maður einangrað sig í sinni rullu. Þarf ekki að taka afstöðu til annars en veruleika persónu sinnar. Auðvitað er þetta ekki einhlítt. Leikstjóri verður að taka afstöðu. Hvað vil ég? Hvað finnst mér?

Mér finnst mikilvægt að koma með skýra sýn til leikaranna hvernig ég sé fyrir mér vinnuna og verkið og búa í kjölfarið til jarðveg sköpunar þar sem allir fá að eiga sína rödd og sitt pláss. Ég vil skapa algert traust í æfingasalnum. Leikarinn er að vinna með tilfinningalíf sitt og þarf að finna að honum sé treyst. Annars er hætt við að hann stígi inn í óttann og í mínum augum er það erfið hindrun. Forsenda sköpunar er opinn hugur og afslappaður. Ég er óhrædd við að þiggja hugmyndir ef að þær nýtast minni sýn. Finnst það gjafir. Kannski skrifast það að einhverju leyti á reynsluleysi mitt hve hurðin er galopin í þeim efnum, líklegast hallast hún aftur með tímanum. En ég held að of mikil stjórnsemi geti haft í för með sér að leikstjórinn einangrist í sinni sýn og það finnst mér ekki spennandi. Ég heillast að leikhúsinu meðal annars vegna þess að það er samstarf margra listamanna. Ekki bara leikara og leikstjóra heldur allra annarra hönnuða. Allir koma með sinn lit og sína reynslu inn í verkið. Ef maður veit hvað maður vill þá veit maður hvaða hugmyndir eru réttar. Þar er enginn ótti. Mér finnst mikilvægt að endurskoða sífellt það sem lagt var upp með og kannski gerist það ósjálfrátt í samtalinu sem á sér stað á æfingum á milli allra listamannanna.

Svo er það virðingin eða átorítetið hvar nær byrjandi í leikstjóm í virðinguna, myndugleikann?

Ég velti því aldrei fyrir mér hvort ég hefði átorítet eftir að lagt var af stað. Mér fannst það bara sjálfsagt því að ég vissi alveg hvert ég var að fara og fann að hópurinn fylgdi mér þangað. Auðvitað komu upp ýmsar vangaveltur um áfangastað en skárri væri það nú. Ég áttaði mig hins vegar á því að vald er ekki sjálfsagt, maður verður að taka það. Vilja taka það. Vera óhræddur við að taka erfiðar ákvarðanir og óvinsælar. Segja það sem manni raunverulega finnst og standa með sjálfum sér. Ef maður gerir það ekki er hætt við að maður gefi það frá sér og missi þar með traust, ekki síst sjálfstraustið.

Ef leikhópurinn missir trú á að leikstjórinn sé raunverulega að stjórna, skapast öryggisleysi í hópnum og öryggisleysi er ekki gott vegarnesi í ferðalagið.

Hvar eða hvert leitarðu innblásturs?

Ég leita innblásturs í ýmsa miðla þá einna helst dans, tónlist og myndlist. Dansinn er þó mikilvægastur. Ég var í ballet þegar ég var yngri og hef alltaf leitað mikið í dansinn. Tungumál hans talar til mín og ég fæ meira útúr góðum danssýningum en leiksýningu. Í dansi er tjáningin opin og abstrakt og það hefur alltaf heillað mig. Mér finnst oft realismi leikhússins heftandi. Það má segja að Íslenski Dansflokkurinn hafi haft mikil áhrif á mig því að ég hef sótt sýningar hans frá því að ég var stelpa. Ég sæki mikið í form og myndir í leikhúsi en það kemur beint úr dansinum. Mig langar í meiri samruna dans og leiklistar. Opnari nálgun. Ég vann dansleikhúsverk í fyrra og fann fyrir algjöru frelsi. Enginn regla bara opin líkamleg tjáning.

Leikkonur, er hlotið hafa menntun sína erlendis, eins og þú, hafa nýlega stofnað með sér einhvers konar tengslanet. Hvað er tengslanet í íslensku leikhúslandslagi og hverju getur það áorkað? Telurðu þig hafa náð frama þínum sem leikkona, sem leikstjóri af eigin rammleik? Eða var það tengslanetið þitt?

Auðvitað skiptir tengslanet miklu máli, - og smekkur. Leikhús snýst mikið um smekk. Leikhússtjórar ráða til sín leikara ekki eingöngu út frá hæfileikum heldur líka hverja þeir fíla bæði sem listamenn og manneskur. Þetta á líka við um leikstjóra. Sumir fá tækifæri m.a. vegna vinskapar en ekki að hæfileikarnir ráði þar öllu. Þannig er það bara...

Öll tengsl, vinsamleg tengsl, skipta máli varðandi atvinnu, afkomu og starfsframa. Sumir lifa og hrærast í því að ná góðum samböndum, atvinnufólk í samböndum eða kontöktum eins og stundum er sagt, þekkja alls staðar einhvern og eiga auðvelt með að koma sér að. Hvað verður um þau sem ekki eru jafn snjöll með möppumar sínar, ímeilið og símann, en eru aftur á móti snjöll á sínu faglega sviði, er ekki hætt á að þau verði stundum útundan?

Leikhússtjórar safna í kringum sig fólki sem er á sömu línu og þeir og það getur þýtt að sumt hæfileikafólk sem stendur fyrir utan, kemst ekki inn. Þarna erum við líka komin að afstöðu því að maður velur fólk til samstarfs sem eru með jákvæða afstöðu og eru gefandi í vinnu. Leikhússtjórar eru líka að skapa ímynd hússins og velja fólk sem hæfir þeirri sýn. Ég held að í það heila reyni menn að vanda sig. Allir vilja skapa sem öflugast leikhús. Og ég hef enn þá trú að eigi maður erindi þá komist maður að.

Nú ert þú ekki beinlínis af leikhúsætt en hvaðan ertu?

Ég er Reykvíkingur og kem úr stórrí fjölskyldu. Yngst sex systkina. Nei ég er ekki af leikhúsætt þó að menningu sé vel sinnt af því góða fólki.

Finnst þér mikilvægt að leikstjórar skapi sér sérstöðu í sýningum sínum, að handbragð þeirra sjáist, að þeir setji „merkimiðann“ sinn á sýninguna og aðgreini sig þannig frá öðrum?

Mér finnst þetta fara eftir verkefnum. Sum leikrit krefjast þess að þeim sé þjónað og önnur ekki. Annars finnst mér yfirleitt gaman að sjá handbragð og sýn leikstjórans. Það getur bætt við upplifunina ef að vel er gert og að manns skapi. Svo getur það valdið skoðanaskiptum og það er líka skemmtilegt.

Nú er gjaman haft á orði við (ungt) fólk sem er að falast eftir starfi í leikhúsi sem leikari, leikmyndahöfundur að ekki sé talað um leikstjóri, að hann eða hún verði fyrst að sanna sig og þá yfirleitt átt við að menn setji upp sýningu út í bæ af eigin rammleik, oftast af miklum vanefnum og mikilli vinnu og fómfýsi. Finnst þér þú hafa sannað þig? Eða ertu að því hér og nú?

Nei ég á klárlega eftir að sanna mig sem leikstjóri. Vonandi geri ég það með þessari sýningu. Ég fékk þetta í gegn um margumtalað tengslanet Sóttist eftir því og var treyst fyrir því. Hvort ég hefði fengið þetta verkefni hjá öðrum leikhússtjóra er allt annað mál.

## Skelfistu mistök?

Ef þú hefur spurt mig að þessu fyrir nokkrum mánuðum hefði ég hiklaust svarað játandi. Ég var logandi hrædd við að mistök gætu kostað mig starfsframa. Það lifir sterkt í mér að mistök sé veikleiki. Því miður. En ég er að vinna í þessu. Fagna stundum mistökum á æfingum! Það er nauðsynlegt að gera mistök því að af þeim lærir maður mest. Svo geta mistök verið afstæð. Það sem þér finnst vera mistök finnst mér vera nauðsynleg rannsókn.

Finnst þér þú hafa raunverulega þurft að berjast einhvern tíma fyrir þínu, starfsframa eða sannfæringu, sem leikkona eða sem leikstjóri?

Hingað til hef ég lítið barist. Ég held að skortur á sjálfstrausti hafi ráðið þar um og kannski undirgefni. Er alin upp við það að lítt læti sé dyggð en sú speki á lítt undir pallborðið í nútímaheimi. Finnst ég stundum hafa sofið undanfarin ár og sé að vakna til lífsins líkt og Þyrnirós. Eða kannski var ég að undirbúa mig í undirmeðvitundinni. Mig hefur lengi langað til að leikstýra en ég var hluti þeirra óframfærnu og barðist ekki fyrir því fyrr en kannski núna. Kannski er ég bara late bloomer eða kona sem hræddist mistök... eða kannski var ég einfaldlega ekki tilbúin fyrr en nú.

Hvaða hlutverki gegnir leikhúsgagnrýni

í þínu lífi, þeas varðandi starfsframa

þinn? Gæti gagnrýnin haft áhrif á næsta leikstjórnarsamning til góðs eða illt?

Hefur leikhúsgagnrýni virkilega aldrei hitt naglann á höfuðið varðandi styrk eða

veikleika leikýninga, styrk eða veikleika

þinn í persónusköpun þinni og leik?

Auðvitað getur gagnrýni haft áhrif sérstaklega ef flestir eru sammála henni. Hún getur líka haft áhrif á starfsframann. Við skulum ímynda okkur að ég sé að leikstýra sýningu sem er hugsuð til að ná inn áhorfendum svo sem farsí eða barnasýning og hún kolfellur bæði hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Þá er nokkuð ljóst að eitthvað fór úrskeiðis. Það er ekki líklegt að ég verði þá efst á listanum hjá leikhússtjóranum eða hvað? Ég held að vægi gagnrýni ráðist ekki bara af því hvort að hún hlýtur hljómgrunn hjá áhorfendum heldur ekki síður hjá leikhúslístaönnunum sjálfum því að þeirra skoðun ræður miklu um starfsframann. Nýturðu virðingar hjá kollegunum. Það skiptir öllu máli. Ég kys að líta á gagnrýni sem skoðun einnar manneskju og hún hlýtur að skoðast sem slík. Þarna erum við aftur komin að smekk. Stundum er ég sammála og stundum ekki. En gagnrýni skyldi ekki vanmeta.

Ertu hrædd við að gleymast?

Já, já þetta er alþekkt vandamál meðal leikara. Höfnunartilfinningin ógurlega. Ég hef alltaf þjáðst af henni í öll þau tólf ár sem ég hef starfað í leikhúsi. Er ekki enn búin að finna lækningu við henni. Kannski að jóga muni hjálpa mér.







## Sara Dögg Ásgeirsdóttir

---

útskrifaðist með BFA gráðu í leiklist vorið 2005 frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Útskriftarverkefni hennar voru hlutverk Hermíu í Draumi á Jónsmessunótt, Issa kapteinn o.fl. í Spítalaskipinu og Sigurðsi í Draumleik eftir Strindberg en sú sýning hlaut Grímuverðlaun sem besta sýning ársins 2005. Sara hefur áður leikið í Viltu finna milljón og söngleiknum Gretti hjá Borgarleikhúsinu, hún lék Agnesi í Eilfri hamingju og nú síðast Elísabetu í Kommúnunni sem sett var upp af Borgarleikhúsinu og Vesturporti. Sara hóf leiklistarferilinn í kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Myrkrhöfðingjanum, áður en hún hóf leiklistarnám. Sara hefur verið áberandi í sjónvarpi og kvikmyndum allar götur síðan og má þar nefna hlutverk Önnu í Kaldaljósi, Ernu í Næturvaktinni og Láru í spennuþáttunum Pressunni.



## Theodór Júlíusson

---

er með diploma í leiklist frá The Drama Studio í London. Hann var fastráðinn leikari hjá Leikfélagi Akureyrar 1978 til 1989. Hann lék fyrsta hlutverk sitt hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1988 og hefur síðan leikið um fimmtíu hlutverk með félaginu, nú síðast Sveinbjörn hóteltjóra í Fló á skinni. Hann hefur tvisvar verið tilnefndur til Grímuverðlauna fyrir hlutverk sín í Púntilla og Matta og söngleiknum Ást. Theodór hefur leikstýrt fjölda sýninga hjá áhugaleikfélögum og einnig hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann hefur leikið í ótal útvarpsleikritum sjónvarps- og kvikmyndum t.a.m. í Englum alheimsins, Hafinu, þar sem hann var tilnefndur til Edduverðlauna, og Mýrinni. Hann leikur í Sveitabrúðkaupi sem frumsýnd var fyrir skömmu og í Reykjavík-Rotterdam sem verður væntanlega frumsýnd síðar á árinu. Theodór er varaformaður Leikfélags Reykjavíkur.



## Víðir Guðmundsson

---

útskrifaðist frá leiklistadeild Listaháskóla Íslands vorið 2006. Hann tók þátt í sýningunni, “Forðist okkur” eftir Hugleik Dagsson, samvinnuverkefni Common Nonsense og Listaháskólans og jafnframt eitt af lokaverkefnum í leiklistadeildinni. Víðir kom til starfahjáLRásíðastaleikári og lék þar lykillutverkið í Amadeusi. Því næst lék hann í fjölskyldusýningunni Gosa. Einnig tók hann þátt í söngleiknum Gretti.

## Sigurður Þórhallsson

---

er nemandi í Landakotsskóla en þrátt fyrir ungan aldur er Fýsn síður en svo fyrsta hlutverk hans á sviði. Sigurður hefur leikið í fjölda sýninga, meðal annars í Rauða spjaldinu, Veislunni og svo lék hann bangsastrákinn í Dýrunum í Hálsaskógi. Meðfram skólanum og leikhúsinu æfir Sigurður svo skyldingar af kappi.



## Björn Ingi Hilmarsson

---

útskrifaðist sem bakari 1983 og lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands 1990. Fyrsta hlutverk Björns Inga hjá Leikfélagi Reykjavíkur var Rögnvaldur Reykill í Dúfnaveislunni eftir Halldór Laxness haustið 1991, en síðan þá hefur hann leikið í yfir 20 sýningum Leikfélagsins, nú síðast í söngleiknum Gretti í fyrravetur. Björn Ingi hefur einnig tekið þátt í sýningum Íslenska Dansflokksins, Jörfagleði og Coppelíu, leikið í kvikmyndum, s.s. Slurpinn & Co. eftir Katrínu Ólafsdóttur, og starfaði með leikhópnum Augnablik í sýningunum Dimmalimm, Júlíu og Mánafólkinu og Tristan og Ísold. Hann lék Rocky í Rocky Horror hjá Flugfélaginu Lofti og einleikinn Lofthrædda Örninn hann Örvar í Þjóðleikhúsinu.





## Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann

lærði leiklist við University of Georgia í Bandaríkjunum og útskrifaðist þaðan árið 2003. Hún hefur leikið bæði fyrir sjónvarp og svið, t.d. í danska sakamálasjónvarpsþættinum Örninn og söngleiknum Annie. Þórdís var aðstoðarleikstjóri í sýningunum Ég er ekki hommi!, Glæpur gegn diskóinu og Draumalandinu en í því síðastnefnda var hún einnig samhöfundur leikgerðarinnar. Hún er höfundur verkanna Áttu smit?, Brotið, Kista töframansins, Hungur og Dansaðu við mig. Árið 2006 var Þórdís tilnefnd til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, sem leikskáld ársins. Næsta verkefni leikkonunnar Þórdísar Elvu er í sjónvarpsþáttaröðunum Svartir englar og Ástríður. Þórdís vinnur enn fremur að sinni fyrstu bók sem gefin verður út árið 2009.



## Marta Nordal

lék fyrst í Borgarleikhúsinu árið 1998 og fór með annað tveggja aðalhlutverka í Bláa herberginu árið 1999 en meðal annara hlutverka hennar er Halla í Segðu mér allt eftir Kristínu Ómarsdóttur en fyrir það var hún tilnefnd til Grímuverðlauna árið 2005 fyrir besta leikkona í aðalhlutverki, Mercedes í Carmen og Gréta í Mein Kampf. Marta hefur leikið fjölda hlutverka bæði í Þjóðleikhúsinu og hjá Leikfélagi Akureyrar en þar lék hún m.a. Diljá í Vefaranum mikla frá Kasmír eftir Halldór Laxness. Hún var einn níu höfunda sem valdir voru til að taka þátt í dansleikhússamkeppni LR og ÍD sem haldin var á Stóra sviðinu í júní 2003. Marta er ritari stjórnar Leikfélags Reykjavíkur. Marta Nordal hlaut fyrstu verðlaun í Dansleikhússamkeppni LR og ÍD vorið 2006. Í kjölfarið samdi hún ásamt dansaranum Peter Anderson dansleikhússverkið Þvílík gleði sem sýnt var vorið 2007 en það var samstarf ÍD og LR. Marta leikstýrir nú í fyrsta sinn hjá Borgarleikhúsinu, hinum íslenska þriller Fýsn.



## Rebekka A. Ingimundardóttir

lærði leikmynda- og búningahönnun við AHK skólann í Amsterdam og útskrifaðist þaðan sem teatermaker árið 1995. Árið 1997 útskrifaðist hún svo úr námi í leikstjórn við Toneelacademie, Maastricht í Hollandi. Auk þess hefur Rebekka sótt fjölda námskeið í leiklist og öðru sem viðkemur leikhúsinu, svo sem hljóð- og mynbandsvinnslu. Rebekka hefur unnið við fjölda leiksyninga hérlendis og erlendis, sem búninga og leikmyndahönnuður. Meðal þeirra má nefna Doma í Þjóðleikhúsinu í Tékklandi, Passion Show í Theater Melkweg í Amsterdam, Alveg briljant skilnaði og Segðu mér allt í Borgarleikhúsinu. Auk þess hefur Rebekka sett upp fjölda sýninga á eigin vegum, meðal annara Paper Girls hjá PG Corporation í Prag og Factory hjá Jell-O Company í Amsterdam. Næsta verkefni Rebekku er vinna við leikmynd fyrir uppsetningu Guðjóns Pedersen á Degi vonar í Þjóðleikhúsinu í Tékklandi. Auk starfa sinna í leikhúsinu hefur Rebekka unnið við fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta.

## Elísabet Indra Ragnarsdóttir

lauk kennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1992, BA-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands árið 1998 og MA-prófi í tónvísindum frá Goldsmiths College í Lundúnum árið 1999. Hún hefur starfað á vettvangi tónlistar, við dagskrárgerð, kennslu, útgáfumál og skrif fyrir blöð og tímarit. Hún er starfandi dagskrárgerðarmaður við Ríkisútvarpið og hefur gert fjölmarga útvarpsþætti um tónlist. Hún sá um hljóðmyndina í verki Mörtu Nordal og Peter Anderson, Þvíllík gleði, sem sýnd var í Borgarleikhúsinu árið 2007.



## Þórður Orri Pétursson

er nýráðinn forstöðumaður ljósadeildar Borgarleikhússins. Hann lærði leikhúslýsingu við Central School of Speech and Drama og síðar meistaranám í byggingalýsingu við Bartlett School of Architecture. Hann starfaði í fimm ár hjá virtum arkitekta- og lýsingafyrirtækjum í London og vann að byggingalýsingum víða um heim. Auk þess sem hann vann að endurlýsingu á St Paul - kirkjunni og Appolo-leikhúsinu og fleiri byggingum í London starfaði hann einnig í Þýskalandi, í Sameinuði arabísku furstadæmunum, í Moskvu og víðar. Meðal leiksýninga sem Þórður hefur unnið við hérlandis er Hedwig og Stjörnur á morgunhimni hjá Leikfélagi Íslands, Óliver og Svartur köttur í uppfærslu Leikfélags Akureyrar og Sweeney Todd í uppsetningu Íslensku Óperunnar og Heilagir syndarar hjá Leikhúsinu í kirkjunni.



## Frank Þórir Hall

lærði tón- og myndlist við The Royal Conservatory og The Royal Academy í Hollandi og útskrifaðist þaðan með MA gráðu árið 2006. Hann hefur einnig lokið BA prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands. Frank hefur unnið tónlist og myndbandsverk fyrir fjölda leikrita, hvort sem er einn sín liðs eða með hljómsveitunum Ske og Skárren ekkert. Meðal verkefna má nefna Óhapp í Þjóðleikhúsinu, Jesus Christ Superstar í Borgarleikhúsinu, Kirsuberjagarðurinn hjá Frú Emilíu og NPK hjá Íslenska dansflokknum. Frank var tilnefndur til Grímuverðlauna árið 2008 fyrir tónlist sína í Dubbeldusch hjá Leikfélagi Akureyrar. Frank starfar nú sem listrænn ráðunautur í Borgarleikhúsinu en auk starfa í leikhúsinu hefur Frank einnig fengist við tónlist almennt, hljóðinnsetningar og dagskrárgerð á Rás 2.







# Borgarleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur

Leikfélag Reykjavíkur er eitt elsta starfandi menningarfélag á Íslandi, stofnað 11. janúar 1897 er tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Helsti hvatinn að stofnun félagsins var bygging lðnaðarmannahússins við Tjörnina. Félaginu var falin varðveisla eigna Kúlissusjódðsins svonefnda, sem var myndaður af aðgangseyri hinna fyrstu opinveru leiksýninga í Reykjavík 1854. Leikfélag Reykjavíkur starfaði óslitið í lðno þar til árið 1989 er öll starfsemi félagsins fluttist í nýtt leikhús, Borgarleikhúsið, sem Reykjavíkurborg byggði í samvinnu og samráði við Leikfélag Reykjavíkur.

## Stjórn Borgarleikhússins

Skömmu eftir að Leikfélagið flutti inn í Borgarleikhúsið var gerður nýr samningur við Reykjavíkurborg sem gekk í gildi 11. janúar árið 2000. Þá leysti stjórn Leikfélags Reykjavíkur leikhúsráð af hólmi og skyldi stjórn bera ábyrgð á rekstri leikhússins. Skömmu síðar voru gerðar breytingar á lögum félagsins til að opna öllu áhugafólki um starfsemi LR leið inn í félagið, en frá stofnun þess voru það eingöngu starfsfólk Leikfélagsins sem áttu aðild að félaginu. Stjórn er kjörin að aðalfundi félagsins og er í dag skipuð áhugafólki um rekstur Borgarleikhúss og ræður hún til sín leikhússtjóra og framkvæmdastjóra til reksturs leikhússins.

Í dag sitja stjórn þau Inga Jóna Þórðardóttir, formaður, Marta Nordal, ritari, Þórólfur Árnason, Styrmir Gunnarsson og Theódór Júlíusson. Varamenn eru þær Edda Þórarinsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir.

### Leikhússtjórar Leikfélags Reykjavíkur

- ..... Sveinn Einarsson 1963 - 1972
- ..... Vigdís Finnbogadóttir 1972 - 1980
- ..... Stefán Baldursson og Þorsteinn Gunnarsson 1980 - 1983
- ..... Stefán Baldursson 1983 - 1987
- ..... Hallmar Sigurðsson 1987 - 1991
- ..... Sigurður Hróarsson 1991 - 1996
- ..... Viðar Eggertsson 1996
- ..... Þórhildur Þorleifsdóttir 1996 - 2000
- ..... Guðjón Pedersen frá ágúst 2000 - 2008
- ..... Magnús Geir Þórðarson 2008 -

### Heiðursfélagar Leikfélags Reykjavíkur

- ..... Baldvin Tryggvason
- ..... Jón Sigurbjörnsson
- ..... Steindór Hjörleifsson
- ..... Steinþór Sigurðsson
- ..... Sveinn Einarsson
- ..... Vigdís Finnbogadóttir

# Fastráðnir starfsmenn:

## Yfirstjórn og skrifstofa

Magnús Geir Þórðarson: Leikhússtjóri  
Þorsteinn S. Ásmundsson: Framkvæmdastjóri  
Hafliði Arngrímsson: Leiklistarráðunautur  
Frank Hall: Listrænn ráðunautur  
Sváfnir Sigurðarson: Markaðsstjóri  
Helga Pálmadóttir: Gjaldkeri

## Sýningarstjórnadeild

Anna Pála Kristjánsdóttir: Sýningarstjóri, Stóra svið  
Ingibjörg Bjarnadóttir: Sýningarstjóri, Stóra svið  
Chris Astridge: Sýningarstjóri, Nýja svið

## Leiksvið

Kristinn Karlsson: Forstöðumaður  
Friðbjófur Sigurðsson: Aðstoðarsviðsstjóri  
Einar Rúnarsson: Tæknisviðsstjóri  
Hákon Jónsson: Sviðsmaður  
Steingrímur Guðjónsson: Sviðsmaður

## Ljósadeild

Þórður Orri Pétursson: Forstöðumaður  
Björn Bergsteinn Guðmundsson: Yfirljósaáhönnuður  
Magnús Arnar Sigurðsson: Ljósamaður  
Rainer Eisenbraun: Ljósamaður

## Hljóð- og tölvudeild

Jakob Tryggvason: Forstöðumaður  
Ólafur Örn Thoroddsen: Hljóðmaður, verkefnastjóri  
Sigurvald Ívar Helgason: Hljóðmaður  
Guðmundur H. Viðarson: Hljóðmaður  
Stefán Þórarinnsson: Tölvuumsjón

## Búningadeild

Stefanía Adolfsdóttir: Forstöðumaður  
Maggý Dögg Emilsdóttir: Búningagerð  
Elma Bjarney Guðmundsdóttir: Starfsmaður

## Leikgervadeild

Sigríður Rósa Bjarnadóttir: Forstöðumaður  
Elín Sigríður Gísladóttir: Starfsmaður

## Leikmunadeild

Þorleikur Karlsson: Forstöðumaður  
Aðalheiður Jóhannesdóttir: Yfirleikmunavörður

## Smíðaverkstæði

Gunnlaugur Einarsson: Forstöðumaður

## Miðasala og framhús

Guðrún Stefánsdóttir: Miðasölu- og framhússtjóri  
Vigdís Theodórsdóttir: Vaktstjóri  
Ása Guðrún Sverrisdóttir: Starfsmaður  
Ingibjörg Magnúsdóttir: Ræstitækni

## Eldhús

Sigurveig Guðmundsdóttir  
Bryndís Hilmarsdóttir

## Ræsting

Elín Anna Sigurjónsdóttir: Ræstitækni  
Signý Améllia Hackart: Ræstitækni

## Móttaka

Anna Kristín Þorsteinsdóttir: Móttökuritari  
Birna Helena Clausen: Móttökuritari

## Umsjón húss:

Ögmundur Þór Jóhannesson

## Leikarar á föstum samningi

Bergur Þór Ingólfsson  
Björn Thors  
Guðjón Davíð Karlsson  
Halldór Gylfason  
Halldóra Geirharðsdóttir  
Hallgrímur Ólafsson  
Hanna María Karlsdóttir  
Jóhann Sigurðarson  
Jóhanna Vigdís Arnardóttir  
Jóhannes Haukur Jóhannesson  
Kristín Þóra Haraldsdóttir  
Margrét Helga Jóhannsdóttir  
Pétur Einarsson  
Sigrún Edda Björnsdóttir  
Theódór Júlíusson  
Þröstur Leó Gunnarsson

## Listræni stjórnendur

Jón Páll Eyjólfsson: Leikstjóri  
Kristín Eysteinsdóttir: Leikstjóri  
Snorri Freyr Hilmarsson: Leikmyndahönnuður

## Borgarleikhúsið


Listabraut 3, 107 Reykjavík

Miðasala: 568-8000, skrifstofa: 568-5500

Netfang: [borgarleikhus@borgarleikus.is](mailto:borgarleikhus@borgarleikus.is)

[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

# Frum- sýningar á Nýja sviðinu



**Grimmt og  
ofsafengið verk**



**Kolsvört kómedía  
um glataðar sálir**



**Duo og Dans andi**



---

Borgarleikhúsið á gott samstarf við nokkur af **öflugustu fyrirtækjum landsins.** Fyrir það erum við þakklát

---





# NÝ APPLE VERSLUN Í KRINGLUNNI

humac



Humac, umboðsaðili Apple á Íslandi | Laugavegi 182 & Kringlunni | [www.humac.is](http://www.humac.is)

ÍSLAND FINNLAND NOREGUR DANMØRK SVÍÐJÓÐ

Þetta er Dýrafjörður.  
Sjórinn er óvenju hlýr í dag.

Heilar 5°C.



Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan,  
Smáralind og Miðraun 11 Akureyri: Glerártorg,  
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.

[www.66north.is](http://www.66north.is)

Klæddu þig vel



# FERSK UPPLIFUN!






## SUND FYRIR SÝNINGU

Skelltu þér í sund  
og svo í leikhúsið

Laugarnar í Reykjavík



[www.ltr.is](http://www.ltr.is) | sími 411 5000



VÍS styður íslenskt  
menningarlíf

0kr.

að hringja innan  
fjölskyldunnar

NÚLLIÐ

Í Núllinu borgar fjölskyldan ekki krónu þegar hún hringir sín á milli

Með því að skrá símanúmer heimilisfólksins í **Núllið** þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá þrjú til sex GSM númer hjá Símanum og eitt heimanúmer. Skilyrði er að viðskiptavinir hafi sama lögheimili og að eitt GSM númer sé skráð í áskrift. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer og hringir heimilisfólkið þá í það fyrir 0 kr. Enginn aukakostnaður og engar skuldbindingar. Með **Núllinu** spara allir á heimilinu.

Skráðu fjölskylduna í síma

**800 7000**

eða á

**siminn.is**

án tafar!

Það er **Síminn** 

Við náum árangri...

...saman!

#### LEIKHÚSMÍÐAR Á BÍÓVERÐI

SPRON býður öllu ungu fólki, 25 ára og yngri, áskriftarkort á fjórar leikýningar að eigin vali í Borgarleikhúsinu með 50% afslætti, 4.450 kr. í stað 8.900 kr.

Njótið vel!

# Tært, kalt, ferskt

Vatn er undirstaða lífins. Einungis 1% af vatni á jörðinni er ferskvatn, aðgengilegt mönnum og dýrum til neyslu. Íslendingar njóta þeirra forréttinda að geta neytt ómengaðs vatns nær takmarkalaust. Orkuveita Reykjavíkur starfrækir stærstu vatnsveitu landsins sem þjónar um helmingi Íslendinga. Gott vatn er gull í gildi. Njóttu þess að skrífa frá!





**...þegar lífið blómstrar**



**Stútuvegur - Græturholt - Akureyri - Egilsstaðir  
Selfoss - Reykjanesbær - Kópavogur - Snaresárlind**









**Borgarleikhúsið**